

Reykjavík 17. desember 2020

Umsögn [starfsnámsskóla](#) um drög að reglugerð um vinnustaðanám, mál nr. 261/2020

Starfsnámsskólar (skólarnir) fagna inntaki þessarar tímabæru breytingu á reglugerð um vinnustaðanám sem undirstrikar ábyrgð skóla á námi nemenda í iðngreinum og stuðlar að því að fleiri ljúki námi.

Skólarnir taka heilshugar undir kynningu á reglugerðardrögum í samráðsgátt þar sem segir: „ný reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun sem ætlað er að koma í stað eldri reglugerðar. Með nýrri reglugerð eru skólar gerðir ábyrgir fyrir því að iðnnámsnemandi komist í vinnustaðanám, nemendum er gert auðveldara að ljúka starfsþjálfun sinni óháð stöðu í atvinnulífinu og tímalengd vinnustaðanámssamnings látin miðast við hæfni nemenda en ekki fjölda vikna á vinnustað.“

Ábendingar:

1. og 2. grein

Hugtakanotkun er óljós. Í Aðalnámskrá frá 2011 og með sérstakri auglýsingu á síðu ráðuneytis frá nóvember 2016 er tíundað hver munur er á vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Þar er notað yfirheitið starfsnám og undirflokkar eru meðal annars vinnustaðanám og starfsþjálfun sem notað er um nám utan skólans. Þær skilgreiningar hafa skólar notað við samningu námskráa hinna ýmsu greina og við skoðun á samþykktum námsbrautum má t.d. finna þrjár brautir í rafvirkjun, allar með starfsþjálfun en engin með vinnustaðanám. Sama á við um þrjár brautir í stálsmíði og tvær í bifvélavirkjun. Ein braut í húsasmíði hefur bæði vinnustaðanám og starfsþjálfun. Benda má á fyrirkomulag á sjúkraliðabraut þar sem vinnustaðanámi er skipt í verknám sem er ólaunað og starfsþjálfun sem er launað.

Nú er lagt til að orðið vinnustaðanám þýði bæði vinnustaðanám og starfsþjálfun. Er það til að minnka flækjustigið? Af hverju má ekki nota yfirheitið starfsnám eins og segir í aðalnámskrá?

Óljóst er af hverju heiti námssamnings er breytt í iðnmeistarasamning og skólasamning? Er ekki betra að nota bara eitt nafn yfir sambærilegan samning þ.e. námssamningur sem er gerður á milli þeirra aðila sem um ræðir hverju sinni. Skólasamningur er skilgreindur alveg eins og iðnmeistarasamningur. Skólarnir leggja til orðalagið „skólarnir gera samning við iðnmeistara/fyrirtæki/stofnanir um aðkomu að kennslu nemenda hvað starfsþjálfun/vinnustaðanám snertir“. Ef þarna á að gera samning milli skóla og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnana og nemanda gæti verið um marga samninga að ræða ef nemandi fer á marga staði. Í grein 6 er fjallað um skólasamninga og þar er bara talað um tvíhliða samning.

Rafræn ferilbók er fagnaðarefni - ef vel er að verki staðið og hún haldi utan um þá færni og hæfni sem nemandinn þarf að uppfylla. Án þess að hafa of þröngar túlkanir eða of einfalt að uppfylla skilyrðin sem um ræðir. Allir nemendur í iðnnámi hafi rafræna ferilbók, sama hvaða námsleið verður fyrir valinu.

Hér vantar skilgreiningar á umsýsluaðilar (4. gr.), umsjónarmaður skóla (5. gr) og tilsjónarmaður (6. gr.).

3. grein

Óljóst er í hverju vinnuverndin liggur, hvað er á ábyrgð skóla, vinnustaðar, nemenda (foreldra) og einstaka kennara. Núna er óvissa um ábyrgð sérstaklega kennara í kennslu og ef nemendur lenda í slysum þá þarf að höfða mál gegn kennaranum sjálfum en ekki stofnuninni. Þessi mál þurfa að vera skýrari fyrir alla aðila.

4. grein

Hvernig skólar eiga að áætla fjölda nema á samningi sex mánuði fram í tímann er eitthvað sem gæti orðið snúið nema átt sé við fjölda nema sem ljúka grunndeildum. Ekki kemur fram hvað á að gera með þær upplýsingar. Hvaða svæði á hver skóli að hugsa um? Sitt nærsamfélag eða alla greinina á landsvísi? Á að vera upplýsingaflæði á milli skóla/svæða? Eins og þetta kemur fram í reglugerðinni þá vantar allar nánari skýringar - og samtal við skólana um þessa útfærslu.

Óljóst er hvað átt er við þar sem talað er um „aðila“, hér leggjum við til bætt sé við að „skólar geti falið aðila“.

Síðasta setningin í 4. grein er of hamlandi. Mætti frekar orða svona: „Umsýsluaðila er heimilt að fela fleiri en einu fyrirtæki að annast vinnustaðanám nemenda.“ Algjör óþarfi að binda það við að það megi bara ef fyrirtækið er ekki nógu fjölbætt – hver getur dæmt um það? Við gerum það sem er best fyrir nemandann. Það er jákvætt fyrir nemanda, skólann og skipulag námsins að nemandi geti verið á fleiri en einum vinnustað/hjá meistara til að uppfylla markmið vinnustaðanámsins.

5. og 6. grein

Hér ætti að vera bara ein grein sem heitir námssamningur. Ekki skipta þessu niður eftir skóla- og meistaraleið. Samningurinn sjálfur á að innfela þá þætti sem skipta máli eftir því hvaða leið er farin. Hér er lögð sú skylda á herðar iðnmeistara að skipuleggja starfsþjálfunina og skóla að fylgjast með framgangi náms þar sem ekki er til rafræn ferilbók. Í dag eru rafrænar ferilbækur til fyrir 10 námsleiðir. Ef reglugerðin á að taka gildi strax þarf að vinna bráðan bug á að útbúa rafrænar ferilbækur fyrir allt vinnustaðanám.

Í 6. grein er fjallað um skólasamning og að hann sé milli skóla og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar. Þar er talað um að samningurinn sé vistaður í rafrænni ferilbók nemanda. Hvaða samningur er það? Nemandi sem fer skólaleið gerir væntanlega samning við sinn skóla – ef um samning er að ræða yfir höfuð. Skólar þurfa að vera annað hvort með skólaleið eða ekki. Ekki er hægt að ákvarða með stuttum fyrirvara hvort skólaleiðin er farin. Kennarar, tækjabúnaður, húsnæði – þarf allt að liggja fyrir.

6. grein segir: „áður en gerður er skólasamningur skal skóli hafa fullreynt að koma nemanda á iðnmeistarasamning og tilkynnt það til meistarafélags viðkomandi iðngreinar.“

Skólarnir eiga að halda utan um fjölda nemenda í starfsnámi en alltaf að athuga fyrst hvort nemandinn komist ekki á samning hjá iðnmeistara áður en nemandi fer á skólasamning. Hvað ef nemandinn vill frá upphafi vera á skólasamningi? Þessi tilkynningaskylda býr til flækjustig gagnvart nemanda og skipulagi á námi hans.

Eru til meistarafélög allra greina? Eru þessi félög skilgreind í lögum og mun Menntamálastofnun halda utan um skráningu þessara félaga á lands- og landshlutavísu?

Ef skóli innritar 12 nemendur í rafvirkjun þarf að hafa tryggt pláss fyrir alla nemana áður en farið er af stað. Sama með allar greinar. Hvað margir skólar geta uppfyllt það? Hugsanlega geta skólarnir haft samvinnu um hverjir fara skólaleið og ekki? Sbr. 6 eða 7 annir í skóla – styttra vinnustaðanám eða alls ekkert á markaði?

7. grein

Hér þarf að athuga orðalag, talað er um námstíma í starfsþjálfun og miðað við skilgreiningar í 2. grein nær hugtakið vinnustaðanám yfir bæði vinnustaðanám og starfsþjálfun en ekki í hina áttina. Það vinnustaðanám sem hér er um rætt á þá bara við um starfsþjálfun en ekki vinnustaðanám?

Jákvætt er að hæfni nemanda ráði tímalengd vinnustaðanámsins. Hér er vönduð ferilbók algjört skilyrði.

8. grein

Hér er þessu lýst eins og aðeins sé um einn vinnustað að ræða. Ferilbókin er lykilatriði til að þessir þættir séu metnir á sanngjarnan og málefnalegan hátt. Verður eftirlit með vinnustöðum og skólum með kerfisbundnum hætti og hver mun sjá um þann hluta? Fara þarf yfir ferilbók m.t.t. til vinnustaða sem taka nemanda á samning, ef ekki er hægt að uppfylla kröfur ferilbókar þá þarf að gera ráð fyrir fleiri vinnustöðum fyrir nemandann – fyrirfram.

9. grein

Hér væri gott að hafa ákvæði um skyldur skóla gagnvart fyrirtækjunum og iðnmeisturum (tilsjónarmönnum). Að öllu jöfnu eru „tilsjónarmenn“ ekki með kennaramenntun og þurfa fræðslu um að hafa nema undir sinni umsjón. Þá þarf að tryggja að breytingar á námskrá og ferilbók séu kynntar. Tilsjónarmaður er vont orð og er hér lagt til að það verði fundið betra orð sem lýsir þessu hlutverki betur (sbr. enska orðið mentor).

11. og 12. grein

Fagnaðarefni er að hér er réttur nemenda tryggður. Ábyrgð á nýjum námssamning er hjá skóla sem getur verið flókið í fámönnum iðngreinum ef fáir aðilar uppfylla skilyrði til að hafa nema á samningi, hvora leiðina sem nemandi hefur valið.

Í 11. grein er fjallað um iðnmeistara- og skólasamninga saman. Fram kemur að hægt sé að slíta báðum ef nemandi vanrækir nám sitt. Nú má sjá fyrir sér að sama fyrirtæki taki nokkra nemendur í gegnum skólasamning á hverjum tíma og því má velta fyrir sér hvort þetta á við með þessum orðum þegar kemur að skólasamningi.

14. grein

Miðað við kynningar er stutt í gildistöku þessarar reglugerðar. Samráð og kynningar við skólasamfélagið hefur verið lítið. Auðvitað eru skiptar skoðanir á þessari miklu breytingu sem að mörgu leyti munu líklega hafa jákvæð áhrif á nám nemenda og auka tækifæri nemenda í iðnnámi.

Til að fjármagna þetta verkefni væri auðvelt að skilgreina áfanga nemenda í vinnustaðanámi sem þá kæmu fram í reiknilíkani framhaldsskóla.

Það var löngu tímabært að virkja ábyrgð skólanna sem var sett inn í lög um framhaldsskóla árið 2008 og því ber að fagna.

Virðingarfyllt,

F.h. eftirfarandi framhaldsskóla innan Skólameistarafélags Íslands

Ólafur Hjörtur Sigurjónsson skrifstofustjóri Skólameistarafélags Íslands

Borgarholtsskóli

Fisktækniskóli Íslands

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn í Kópavogi

Tækniskólinn

Verkmenntaskóli Austurlands

Verkmenntaskólinn á Akureyri